

Nr. 19-040 S 29 Helgafell**Varhugaverð sigling**

IMO.nr. 9306017
 Fánaríki: Færeyjum
 Útgerð: Samskip
 Smíðaður: Hamborg 2005, stál
 Stærð: 8830 GT
 Mesta lengd: 137,53 m
 Breidd: 21,55 m Dýpt: 8,50 m
 Vél: MAN 7 L 48/60 B, 8400 KW, 2005.
 Fjöldi skipverja: 11



Helgafell©Hilmur Snorrason

IMO nr. 9641314
 Útgerð: Eimskip
 Smíðaður: Kína 2014, stál
 Fánaríki ANTIGUA & BARBUDA
 Stærð: 10.106 BT
 Mesta lengd: 140,68 m
 Breidd: 23,20 m Dýpt: 8,70 m
 Vél: MaK, 9M43C, 9000 kw.
 Fjöldi skipverja: 12



Lagarfoss ©Hilmur Snorrason

Gögn:
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. mars 2019 voru flutningaskipin Helgafell og Lagarfoss á siglingu út af Pentlandsfirði á norðvesturleið. Veður: VSV 13-18 m/s. Ölduhæð um 6 m.

Helgafell var að sigla Lagarfoss uppi og þegar skipin sigldu samhliða voru u.þ.b. 200 – 250 m á milli þeirra. Stefna Helgafells lá yfir stefnu Lagarfoss og þegar það fór fyrir bóg hans var fjarlægð (CPA) á milli þeirra minnst u.þ.b. 0,1 sml (150-200 m).

Mynd 1 sýnir siglingaferla skipanna og hvernig Helgafell (græn lína) fór fyrir stefni Lagarfoss.



Mynd 1 Ferlar skipanna, Helgafell er með græna línu

Á mynd 2 sést þegar Helgafell siglir fram fyrir Lagarfoss í um 150-200 m fjarlægð.



Mynd 2 Helgafell siglir fram fyrir Lagarfoss í um 150-200 m fjarlægð

Við rannsókn kom fram:

- að Lagarfoss var á um 9,5 hnúta ferð en Helgafell á um 12,5 hnútum. Fram kom að Lagarfoss hefði siglt á minnkaðri ferð vegna veðurs en síðan hefði reynt erfitt að halda stefnu og sigla upp í ölduna vegna lítills svigrúms sem var á meðan Helgafell var að komast fram fyrir Lagarfoss. Til að komast fyrir úr þessum aðstæðum hefði ferð Lagarfoss verið minnkuð meira. Helgafell fór landmegin fram úr Lagarfossi;
- að fram kom hjá skipstjóra Lagarfoss að vegna þess hvað Helgafell fór hættulega nálægt hefði stór hnútur lent á bóg Lagarfoss þannig að ástæða þótti til að kanna mögulegar skemmdir. En við athugun kom í ljós að þær hefðu engar verið;
- að skipstjóri Lagarfoss gerði athugasemdir við siglingu Helgafells og taldi að ekki hefði mátt mikið út af bera við siglingu skipanna til að skapa hættulegar aðstæður með alvarlegum afleiðingum;
- að skipstjóri Helgafells kvaðst hafa yfirsétt að fylgjast með CPA á milli skipanna og talið hana vera 0,3 sml en ekki 0,1 sml. Eftir að hann hefði verið kominn fram fyrir Lagarfoss hefði hann ekki veitt honum meiri athygli og verið að sinna öðru. Fram kom að hann hefði talið eðlilegt að skipstjóri Lagarfoss hefði kallað hann upp í talstöð til að gera athugasemdir við framúr siglinguna meðan á henni stóð;
- að skipstjóri Helgafells kvaðst hafa beðið skipstjóra Lagarfoss afsökunar á framúr siglingunni eftir að sá síðarnefndi hafi hringt í hann eftir atvikið og rætt málið áður en símasamband milli skipanna slitnaði;
- að skipstjóri Helgafells vildi setja fyrirvara á lögsögu RNSA er varðaði íslenska hagsmuni í þessu atviki auk þess sem um væri að ræða erlent hafsvæði og bæði skipin skráð undir erlendum fána.

Nefndarálit:

Það er mat nefndarinnar að Helgafell hefði átt að gæta að því að skurðlínur skipanna skærust ekki í svo lítilli fjarlægð sem raun bar vitni.

Sérstök úbending:

Nefndin hvetur skipstjórnendur að tryggja öryggi sem best með því að hafa samskipti um fyrirætlanir hvors annars.